

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti og Guðbjörgu Evu Baldursdóttur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012, frá 28. september 2012, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirfarandi gerðir:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010, frá 1. júlí 2010, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010, frá 1. júlí 2010, um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.
3. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
4. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og tilkynningaraðferð.

Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara er veittur til 28. mars 2013. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Þær reglugerðir og tilskipanir sem að framan greinir kveða á um aðgengi að lykilupplýsingum og önnur atriði sem miða að því að fjárfestar geti tekið upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar, um samræmingu á gerð skjala við framkvæmd á markaðssetningu verðbréfasjóða, og skipulagskröfur og ákvæði er varða góða viðskiptahætti rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Innleiðing framangreindra gerða kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði (lykilupplýsingar, markaðssetning, samrunasjóðir, Evrópupassi og höfuðsjóðir og fylgisjóðir) (þskj. 106) í því skyni. Frumvarpið er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Hvorki er gert ráð fyrir að innleiðing reglugerðarinnar muni hafa í för með sér teljandi efnahagslegar né stjórnsýslulegar afleiðingar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Árni Páll Árnason, Bjarni Benediktsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóvember 2012.

Árni Þór Sigurðsson,
form.

Gunnar Bragi Sveinsson,
frsm.

Ásmundur Einar Daðason.

Helgi Hjörvar.

Mörður Árnason.

Ragnheiður E. Árnadóttir.